

Raunfærnimat

Á Íslandi hefur verið unnið að þróun raunfærnimats frá árinu 2002. Frá upphafi hefur atvinnulífið haft beina aðkomu að þróuninni og fyrir hönd mennta- og menningarráðuneytisins hefur Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, sem er í eigu aðila vinnumarkaðarins, verið falið að halda utan um þróunarvinnu og innleiðingu raunfærnimats. Við þróunarvinnu hefur verið horft til Europeans guidelines for validagting non-formal and formal learning.

Á þessum árum hefur að okkar mati náðst umtalsverður árangur og hann má rekja til eftirfarandi þátta

- Jákvæðrar afstöðu yfirvalda til raunfærnimats
- Aðkomu aðila vinnumarkaðarins að þróun og innleiðingu
- Samræmt raunfærnimatsferli á öllu landinu
- Upplýsingasöfnun um árangur þ.m. talið kostnað við raunfærnimat

Raunfærnimati á Íslandi má skipta í tvo flokka:

- Raunfærnimat til styttingar á námi miðar að því að meta raunfærni sem jafngilda námsáfangu eða hluta af námsáfangu og skipuleggja nám einstaklingsins með tilliti til raunfærni hans.
- Raunfærnimat í atvinnulífinu miðar að því að skrá og fá staðfesta færni í því skyni að einstaklingurinn fái framgang í starfi eða finni starf við hæfi. Færni einstaklingsins er borin saman við færniviðmið viðkomandi starfa og metin á móti þeim.

Markhópurinn raunfærnimats eru þeir sem ekki hafa lokið framhaldsskóla og árið 2010 var voru samþykkt lög um framhaldsfræðslu þar sem meðal annars er að finna skilgreiningu á því hvað raunfærni er og hverjir eiga rétt á henni.

- Raunfærnimat: Skipulagt ferli þar sem með formlegum hætti er lagt hald á alhliða þekkingu og færni einstaklingsins. Matið getur byggst á skólagöngu, starfsreynslu, starfsnámi, frístundanámi, framhaldsfræðslu, félagsstörfum og lífsreynslu viðkomandi
- Þeir sem hafa stutta formlega skólagöngu og kjósa að leggja stund á nám sem skipulagt er á grundvelli laga þessara eða laga um framhaldsskóla eiga rétt á að einstaklingsbundin raunfærni þeirra sé metin.


Eins og áður segir er það hlutverk Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins hefur þróað aðferðir við mat á raunfærni. Helsta hlutverk FA er að tryggja gæði, að viðurkenndri aðferðafræði sé fylgt og stýra innleiðingu í nýjum greinum. Það er gert með setu í stýrihópum, ráðgjöf til samstarfsaðila, þjálfum matsaðila og með útgáfu á leiðbeiningum og gátlistum. Leiðarljós FA við þessa vinnu hefur verið

- Skapa sátt um framkvæmd milli hagsmunaaðila
- Tryggja faglega framkvæmd en halda kostnaði í lágmarki
- Að þekking sem metin er með raunfærnimati hafi sama vægi og þekking sem aflað er innan skólakerfisins
- Réttur einstaklingsins m.a. með beinni aðkomu ráðgjafa að ferlinu.

Stýring á framkvæmd raunfærnimatsverkefna er í höndum símenntunarmiðstöðva víða um land en gerð er krafa um að verkefnin séu unnin í samstarfi við hagsmunaaðila, þar með talið formlega skólakerfið ef metið er á móti námsskrá. Einnig er ráðgjöf til þeirra sem fara í raunfærnimat hluti af vinnuferlinu.

Svo fjármagn fái til verkefna er gerð krafa um ferli. Hér fyrir neðan er annarsvegar myndræn framsetning og hins vegar nánari greining á einstökum verkliðum í því ferli.

Validation—process overview



Raunfærnimat – matsferlið

- 1) Upplýsingar og endurgjöf
- 2) Skráning
- 3) Greining
- 4) Staðfesting
- 5) Mat og viðurkenning á raunfærni

1. Upplýsingar og endurgjöf

Einstaklingur á að geta tekið upplýsta ákvörðun um þátttöku og vita hvar hann stendur á öllum stigum ferlisins. Áður en kemur til raunfærnimats er mikilvægt að kynna vel markmið með matinu, hlutverk matsaðila, mögulegar niðurstöður og rétt einstaklingsins í ferlinu.

2. Skráning

Lögð er áhersla á að einstaklingurinn líti yfir farinn veg og skrái raunfærni sem hann hefur öðlast í gegnum störf, nám og frístundir. Einstaklingurinn safnar saman viðeigandi gögnum, s.s. meðmælum frá atvinnurekendum, starfslýsingum, viðurkenningaskjölum, skírteinum, sýnishornum og verkefnum. Mikilvægt er að gott aðgengi sé að ráðgjafa sem leiðbeinir og veitir stuðning í þessu ferli.

3. Greining

Eftir að einstaklingur hefur skráð raunfærni sína fer fram samtal þar sem staða hans er greind. Í samtalinu koma einstaklingurinn og fagaðili saman til að finna út hver raunfærni hans er í ákveðnum færniþætti. Ráðgjafi, sem aðstoðað hefur við skráningu, getur einnig tekið þátt í samtalinu þar sem hann hefur innsýn í raunfærni og styrkleika einstaklingsins.

4. Staðfesting

Þegar komið er í ljós hvað til greina kemur að meta, skal sannreyna eða staðfesta raunfærnina. Staðfesting á raunfærni fer fram samkvæmt matsáætlun, í samræði við fagaðila og ráðgjafa. Hér er verið að bera saman raunverulega færni og færni viðmið.

5. Mat og viðurkenning á raunfærni

Námsáfangi telst metinn þegar hann hefur verið bókaður í námsferilsskrá einstaklings sem loknum eða metnum. Mikilvægt er að mat og viðurkenning á raunfærni sé tekin gild af viðeigandi hagsmunaaðilum og að þeir séu vel upplýstir um framkvæmd raunfærnimats.

Árið 2011 hefur verið upp á raunfærnimat í 30 starfsgreinum og um 2000 einstaklingar hafi lokið raunfærnimati á Íslandi. Í flestum tilvikum er um að ræða iðngreinar en núna þegar raunfærnimat en markvist er unnið að því að fjölga greinum. Leiðin virðist bæði vera viðurkennd af atvinnulífi og skólakerfinu og umræðan að mestu jákvæð.